

N-lax ehf.
Laxamýri
641 Húsavík

Reykjavík, 29.8.2023
UST202302-151/G.S.O.
08.12.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 30. maí 2023 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirliti þann 3. maí sl.

Frávikið var eftirfarandi:

1. Starfsleyfið er gefið út með 20 tonna framleiðsluheimild á ári. Framleiðslumagn ársins 2022 var um 25 tonn. Rekstraraðili hefur sent inn umsókn til eftirlitsaðila um aukið umfang, eða allt að 50 tonnum á ári og er sú umsókn enn í vinnslu. **Fullnægjandi gögn hafa borist og unnið er að gerð nýs starfsleyfis.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikinu lokið. Stofnunin vekur athygli á því að ekki er heimilt að framleiða umfram heimild í núverandi starfsleyfi fyrr en nýtt starfsleyfi, með aukinni framleiðsluheimild, hefur verið gefið út.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur